

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25
10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða- ákvæðum þús.kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða- ákvæðum þús.kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamanna- kaups í maí 1977, á gildistöktutíma laganna.	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum viku- kaups:		
1. mars 1980	6 912	20 735
1. júní 1980	7 720	23 160

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

11. júní 1980.

Nr. 335.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Skaftholt, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina SKAFTHOLT.

1. gr.

Sveitabýlið Skaftholt í Gnúpverjahreppi er sjálfseignarstofnun. Eignir hennar eru jörðin Skaftholt ásamt mannvirkjum öllum, húsum, búpeningi, rækun, girðingum, lausafjármunum og öllum gögnum og gæðum.

Stofnendur eru:

Guðfinnur E. Jakobsson, garðyrkjufraeðingur, Þelamörk 78, Hveragerði.

Jakobína Gunnþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Þelamörk 78, Hveragerði, og Arnþrúður Sæmundsdóttir, „Lákepedagog“ Lynghaga 20, Reykjavík.

Heimili sjálfseignarstofnunarinnar og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Nauðsynlegs fjármagns til rekstrar og uppbyggingar sjálfseignarstofnunarinnar skal aflað með því að taka á móti gjöfum, framlögum, styrkjum, áheitum o. s. frv.

Tekjum af starfsemi skal varið til rekstrar eða fjárfestingar í starfsemi þeirri, sem stofnunin hefur á sínum vegum.

3. gr.

Markmið sjálfseignarstofnunarinnar er það, að tryggja þroskaheftun og öðrum, sem hjálpar eru þurfi, jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi.

Til að ná þessu markmiði mun sjálfseignarstofnunin standa að uppbyggingu sveitaþorps (landsby) með fjölskylduheimilum jafnframt starfsmöguleikum fyrir þá sem þarfnast verndaðs umhverfis. Skal þar fylgt sambýlis- og samvinnuformi því, sem byggir á hinni þriggreindu samfélags og mannsmynd, sem Dr. Rudolf Steiner setti fram og kemur fram í hinu félagslega grundvallarlögmáli hans. (Sjá „Hugmyndir og markmið“).

4. gr.

Æðsti aðili í málefnum sjálfseignarstofnunarinnar er fulltrúaráð, skipað 7 til 13 fulltrúum. Ráðið er stefnumótandi um hugmyndir og aðgerðir til vaxtar og viðgangs stofnunarinnar í samræmi við ákvæði þau, sem getið er í 3. grein.

Ráðstöfun fjármuna og eigna stofnunarinnar er í höndum fulltrúaráðsins.

5. gr.

Stofnendur skulu velja menn til setu í fyrsta fulltrúaráðinu, en síðan skal það endurnýja sig sjálft, þannig að annað hvort ár vikur 1 félagi. Þennan féлага má velja afur að ári liðnu.

Fulltrúaráðið velur sér formann og varaformann til tveggja ára í senn. Formann og varaformann má endurvelja.

Stofnendur eru sjálfvaldir til setu í fulltrúaráðinu fyrstu árin.

Ávallt skal þess gætt, að til setu í fulltrúaráði veljist áhugamenn um anþrúpó-sófiska starfsemi og einstaklingar með reynslu og áhuga á félagslegri starfsemi á þessum grundvelli.

A. m. k. 2 fulltrúar skulu vera frá Camphill-þorpum í öðrum löndum.

6. gr.

Fulltrúaráðið hefur eigi færri en 2 fundi á ári. Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið og skal fulltrúaráðið birta árlega skýslu um starfsemi hennar ásamt ársreikningum, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Fimm manna stjórn, valin samkvæmt gildandi lögum um stjórnir sjálfseignarstofnana sem fjárhagslega eru háðar opinberum aðilum, hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar ásamt eftirliti með ráðstöfun fjármuna og hefur með höndum lögmætt bókhald fyrir starfsemina.

Daglegur rekstur starfseminnar skal vera í höndum þriggja manna, svonefndur stjórnunarhópur, valinn af starfsfólki og samþykktur af fulltrúaráði.

8. gr.

Lögð skal áhersla á, að þeir sem ráðast til starfa við stofnunina hafi reynslu frá öðrum Champill-þorpum eða menntun á uppeldis- og félagslegu sviði frá anþrúpó-sófískum stofnunum.

Fulltrúaráðið hefur rétt til að segja upp starfsmanni stofnunarinnar telji það gilda ástæðu til.

9. gr.

Fulltrúaráðið getur breytt skipulagsskrá þessari ef $\frac{2}{3}$ hlutar þess eru því samþykkrir og ber að endurskoða hana árlega.

10. gr.

Verði ákvæðið að hætta starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar skal fulltrúaráðið ráðstafa eignum hennar til starfsemi, sem samræmis tilgangi hennar sbr. 3. gr.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

29. maí 1980.

Nr. 336.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Jónsdóttur frá Drangshlíðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Sigríðar Jónsdóttur frá Drangshlíðardal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæðum í erfðaskráum Lilju Hjartardóttur, síðast til heimilis í Njálsgötu 83, Reykjavík, sem lést 10. maí 1978, en skrárnar eru dags. 19.1. 1965, 25.3. 1971 og 11.11. 1976. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um móður arfleifanda, Sigríði Jónsdóttur, sem var fædd í Drangshlíðardal undir Eyjafjöllum 21. ágúst 1877 og er efni skipulagsskrár þessarar sniðið eftir erfðaskránum varðandi þetta efni.

2. gr.

Stofnfé minningarsjóðsins eru fimm milljónir króna samkvæmt ákvæðum framangreindra erfðaskráa, að frádregnum erfðafjárskatti, kr. 250 000.— og nauðsynlegum kostnaði við stofnun sjóðsins.

Eignir sjóðsins eru tvær og hálf milljón í fasteignatryggðum veðskuldabréfum til fimm ára, en að öðru leyti er stofnféð reiðufé og afhenda lögerfingjar Lilju heitinnar Hjartardóttur stjórn sjóðsins stofnféð, þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest. — Áskotnist sjóðnum síðar einhverjar eignir, skulu þær leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur og verkefni sjóðsins er að veita efnilegu námsfólki, stúlku eða pilti, búsettu í Austur-Eyjafjallahreppi, styrk til skólanáms að skyldunámi loknu.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á öruggan og hagkvæman hátt, s. s. í öruggum fasteignatryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða á vaxtaaukareikningum eða hliðstæðum reikningum og skulu allar bankainnstæður sjóðsins vera í bankastofnunum með ríkisábyrgð. Hafa má fjárupphæðir, sem hafa þarf handbærar, á almennum bankareikningum.

5. gr.

Stofnfé minningarsjóðsins má aldrei skerða. Einum fjórða hluta af vöxtunum og verðlagsbótunum, skal ætíð bæta við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna og verðbótanna má úthluta í samræmi við ákvæði 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

6. gr.

Stjórn minningarsjóðsins skipa 3 menn: Skólastjóri Skógaskóla undir Eyjafjöllum, hreppsstjóri Austur- Eyjafjallahrepps og þjónandi sóknarprestur í sókninni.